

Foreldrafélag leikskólans Sólborgar

Starfsgrundvöllur

1. gr. Félagið heitir foreldrafélag leikskólans Sólborgar.
2. gr. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í leikskólanum Sólborg.
3. gr. Markmiði sínu hyggst félagið ná með eftirfarandi leiðum:
 - a) að hvetja alla foreldra til þess að taka virkan þátt í og hafa aukin áhrif á aðbúnað og starfsemi leikskólans, ávallt þó í fullu samráði við starfsfólk
 - b) að efla og auka tengsl foreldra og starfsfólks
 - c) að efla tengsl milli foreldra.
4. gr. Félagar eru:
 - a) foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum Sólborg.
5. gr. Kosning í stjórn félagsins skal fara fram á aðalfundi. Í stjórn skulu eiga sæti hið minnsta átta foreldrar og skal stefnt að því að þeir séu tveir frá hverri leikskóladeild. Auk foreldra skal starfsfólk leikskólans kjósa einn fulltrúa í stjórn þannig að ráðið sé alls skipað minnst 9 fulltrúum. Æskilegt er að helmingur foreldra sitji samfelt í tvö ár í stjórn.

Stjórn skiptir með sér verkum. Kjósa skal formann og skal hann sitja í stjórn félagsins í tvö ár í senn.
6. gr. Stjórn félagsins skal sinna þeim málum sem upp koma og varða leikskólann. Að öðru leyti er tilgangur félagsins að auka virkni meðal foreldra og stuðla að auknu samstarfi milli foreldra og starfsfólks.
7. gr. Aðalfund skal halda á bilinu september – október ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Fundir stjórnar eru opnir öllum foreldrum og starfsfólki.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

 - a) skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
 - b) reikningar félagsins
 - c) kosning í stjórn
 - d) ákvörðun um gjald félagsins
 - e) lagabreytingar
 - f) önnur mál
8. gr. Lagabreytingar ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

Þannig samþykkt á aðalfundi þann 16. september 2008.